

Hero production ehf.  
Súðarvogur 7  
104Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2020  
UST202011-061/P.V.B.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til viðburðarhalds, drónaflugs og ljósmyndatöku við Skógafoss**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hero production ehf., dagsett 5. nóvember 2020, um leyfi til viðburðarhalds og ljósmyndatöku við Skógafoss.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Akstur utan veg og merktra slóða er óheimill. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Óskað er eftir leyfi til viðburðarhalds, drónaflugs og ljósmyndatöku við Skógafoss. Í tengslum við viðburðinn stendur til að setja upp ísskúlpúra, stytur, hátalara ásamt ljósa- og sýningarbúnaði við Skógafoss. Um er að ræða 13 ísskúlpúra og eina stytta sem verður komið fyrir á áreyrunum framan við fossinn. Eldur mun loga milli íssúla og við styttuna. Plötur verða settur undir þar sem eldur mun loga til að hlífa undirlaginu en um stjórnaðan eld er að ræða. Til að flytja skúlpúrana og styttuna á svæðið verða notaðar hjólbörur og trillur. Til skoðunar er að nota fjórhjól og kerru til að flýta fyrir uppsetningu. Skógafoss sjálfur verður lýstur upp með ljósum og myndaður af ljósmyndara. Staðsetning þeirra innviða sem til stendur að setja upp, kórs, rafstöðvar og landingarstaður þyrllu er sýnd á korti sem fylgdi með umsókn. Öllum köplum og snúrum sem tengjast verkefninu verður haldið frá göngusvæðum. Þyrllan mun einungis losa farþega og yfirgefur svæðið strax að því loknu. Samhliða viðburðinum verður skotið upp flugeldum utan hins friðlýsta svæðis. Dróna verður flogið yfir bílastæðinu á meðan viðburðurinn fer fram. Flughæð miðast við hæð Skógafoss. Dróninn tekur á loft og lendir frá bílastæðinu. Uppsetning búnaðar mun fara fram deginum áður en viðburðurinn fer fram en ísskúlpúrar verða settir upp samdægurs. Ekki er þörf á að takmarka aðgengi gesta að svæðinu meðan uppsetningu búnaðar stendur yfir en þegar þyrllan lendir og á meðan viðburðurinn er í gangi yrðu gestir beðnir um að bíða rétt á meðan viðburðurinn fer fram. Viðburðurinn færi

fram að kvöldi til á tímabilinu 18.-24. nóvember og stæði yfir í um klukkutíma. Að verkefninu koma 14 manns. Ferðasalerni verður á svæðinu til notkunar.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa áhrif á náttúrufer svæðisins og jarðmyndanir á meðan verkefnið er í gangi og til lengri tíma lítið. Viðburðurinn getur haft neikvæð áhrif á upplifun gesta sem heimsækja svæðið á meðan undirbúningur stendur yfir og á meðan viðburðurinn er í gangi. Aðgengi gesta að svæðinu verður takmarkað og talsvert ónæði getur verið af þyrlulendingunni. Viðburðurinn sem slíkur getur auk þess verið fordæmisgefandi. Umhverfisstofnun telur að með því að fara eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfinu sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum viðburðarins.

### **Skilyrði:**

Stofnunin hefur ekki heimild skv. lögum til að leyfa akstur utan vega vegna uppsetningar á búnaði á svæðinu í tengslum við viðburðinn. Umhverfisstofnun hafnar því beiðni Hero productions ehf. um notkun fjórhjóls. Ekki hefur verið sýnt fram á nauðsyn þess að fá að lenda þyrlu á svæðinu. Merkt flugbraut er í næsta nágrenni við Skógarfoss, rétt sunnan við Þjóðveginn, þar sem hægt er að lenda og keyra farþegana að fossinum þaðan. Beiðni um að fá að lenda þyrlu á bílastæðinu við Skógarfoss er hafnað. Umhverfisstofnun veitir Hero production ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir viðburðarhaldi, drónaflugi og ljósmyndatöku við Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 18.-24. nóvember að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Starfsmenn verkefnisins taki tillit til annara gesta svæðisins. Gæta skal að því að aðgengi og útsýni gesta að fossinum og útsýnispalli skerðist ekki á meðan undirbúningur fyrir viðburðinn stendur yfir og á meðan á viðburði stendur.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur og afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Gæta skal að brunavörnun og að eldur berist ekki í gróður eða innviði.
- Lendingarstaður þyrlu skal vera utan náttúruvættisins.
- Ef myndefni frá viðburðinum er sýnt opinberlega skal tekið fram að leyfi hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- **Óheimilt er að fljúga drónanum inn í gilið framan við Skógafoss.**
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugíð hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Umhverfisstofnun bendir á að þó flugeldasýningin fari fram utan friðlýsta svæðisins þá sé mikilvægt að allur úrgangur frá sýningunni sé fjarlægður og fargað á viðeigandi hátt. Afla þarf leyfis frá lögreglunni fyrir sýningunni.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Elín Björg Ragnarsdóttir  
sviðsstjóri

Magnús Freyr Sigurkarlsson  
sérfræðingur